



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 38/2025

Brot Piknik á ákvörðun Neytendastofu

I.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 28. maí 2025, vísaði stofnunin til ákvörðunar hennar nr. 18/2024, *Auglýsingar Piknik á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir þær*, dags. 19. júní 2024. Í bréfinu var einnig vísað til ákvörðunarorða ákvörðunarinnar sem voru eftirfarandi:

„SH Import ehf., Grænlandsleið 12, 113 Reykjavík, hefur með því að auglýsa nikótínvörur á samfélagsmiðlum sínum brotið gegn ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, og 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

SH Import ehf. hefur með því að birta myndmerki með nikótínvörum og rafrettum í og fyrir utan nestiskörfu í markaðsefni félagsins brotið gegn 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018 og 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, bannar Neytendastofa SH Import ehf. að viðhafa framangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi frá dagsetningu ákvörðunar þessarar og skal félagið innan fjögurra vikna fjarlægja markaðsefni sem ákvörðun þessi lýtur að.

Með heimild í a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er SH Import ehf. gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 200.000 kr. (tvö hundruð þúsund krónur) vegna brotsins. Sektina skal greiða í ríkissjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“

Fram kom að við yfirferð stofnunarinnar á vefsíðu félagsins, piknik.is, Instagram síðum félagsins sem og verslunum þess á Nýbýlavegi og Eddufelli til að fylgja eftir framangreindri ákvörðun stofnunarinnar, hefði Neytendastofa orðið þess vör að svo virtist sem SH Import væri



ennþá að birta fyrrgreint myndmerki, bæði utan á verslunum, á forsíðu vefverslunarinnar sem og á Instagram síðum sínum, þrátt fyrir fyrrgreinda ákvörðun stofnunarinnar þar um.

Þá tiltók stofnunin að úttekt hefði verið framkvæmd á markaðssetningu Bitans Reykjanesbæ og vegna hennar þótt tilefni til að senda félaginu erindi og árétta gildandi lagaumhverfi. Utan á versluninni hafi mátt greina ýmsar vörur sem væru hluti af vöruframboði verslunarinnar, fyrrnefnt myndmerki Piknik utan á versluninni auk auglýsinga af fjölda mismunandi dósa utan um nikótínvörur.

Tiltók stofnunin að með hliðsjón af framangreindum kæmi til álita hvort brotið hafi verið gegn ákvörðun nr. 18/2024.

Vakti Neytendastofa athygli á að ef um brot væri að ræða á ákvörðun Neytendastofu kæmi til skoðunar kæmi hvort beita þyrfti sektum eða öðrum úrræðum samkvæmt IX. kafla laga nr. 57/2005.

Óskaði Neytendastofa eftir afstöðu félagsins til framangreinds.

2.

Í tölvubréfi SH Import til Neytendastofu, dags. 10. júní 2025, kom fram að félagið væri búið að fjarlægja allar merkingar á Bitanum sem og að fjarlægja myndir af Instagram síðu þess. Þá kom fram að búið væri að endurmerkja allar verslanir og fjarlægja myndmerki af öllum búðum en gleymst hefði að fela myndmerkið í skilti fyrir ofan nokkrar verslanir. Unnið væri að því að hylja það og óskað eftir fresti til þess. Varðandi myndmerki á vefsíðu sem einungis væri ætluð 18 ára og eldri þá væri gerð athugasemd við að það meggi ekki birta myndmerki félagsins á eigin vefsíðu. Óskaði félagið eftir svörum um hvort það þyrfti að fjarlægja það.

3.

Í tölvubréfi Neytendastofu til félagsins, dags. 11. júní 2025, óskaði stofnunin eftir myndum til staðfestingar um að búið væri að fjarlægja allar umræddar merkingar, skilti og myndir á samfélagsmiðlum og frestur til þess veittur til 24. júní. Varðandi fyrirspurn félagsins um myndmerki þess á vefsíðu og hvort það þyrfti raunverulega að fjarlægja þá vísaði Neytendastofa til niðurstöðu ákvörðunar sinnar nr. 18/2024 þar sem einmitt var fjallað um framangreint og hvort myndmerkið fæli í sér auglýsingu á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum. Þar hafi komið fram að ekki skipti máli hvort ákveðinn framleiðandi eða vörumerki væri sjáanlegt í myndmerkinu sjálfu enda fæli myndmerkið í sér ótvíræða og almenna tilvísun til allra þeirra nikótínvara og rafretta sem félagið selji. Birting myndmerkisins á samfélagsmiðlum og utan á verslunum fæli því í sér brot gegn 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018. Tiltók stofnunin að ekki skipti máli hvar umrætt merki birtist, þ.e. hvort það sé á verslun, heimasíðu ætlaðri 18 ára eða eldri, en umrætt merki væri auglýsing og fæli í sér almenna tilvísun til þeirra nikótínvara sem félagið selji og brot gegn 1. mgr. 11. gr. laganna. Lögin væru skýr og enginn greinarmunur



gerður á því hvort birting sé heimil eða óheimil eftir aldri þeirra sem hún beinist að þar sem þær væru einfaldlega bannaðar.

4.

Í tölvubréfi SH Import, dags. 3. júlí, kom fram að myndmerkið yrði fjarlægt af heimasíðunni auk þess sem finna mátti meðfylgjandi myndir af Bitanum með staðfestingu þess efnis að búið væri að fjarlægja allar merkingar. Þá væri í vinnslu að hylja myndmerki á skiltum fyrir ofan verslanir og myndir yrðu sendar því til staðfestingar strax að því loknu.

Þann 8. ágúst 2025, ítrekaði stofnunin erindi sitt frá 11. júní, þar sem engar frekari skýringar eða svör höfðu borist varðandi þær breytingar sem fyrirhugaðar voru. Óskað var því eftir að fá upplýsingar um stöðuna, hvort breytingum væri lokið og til hvaða aðgerða hefði verið gripið.

Tölvubréf félagsins barst Neytendastofu þann 21. ágúst 2025. Þar kom fram að búið væri að bregðast við öllum ábendingum stofnunarinnar. Myndmerki hefði verið fjarlægt af heimasíðu og verði fjarlægt af öllum verslunum félagsins. Þá var vísað til þess að þegar hefðu verið sendar myndir af Bitanum í Keflavík en allar merkingar hefðu verið fjarlægðar strax. Búið væri að merkja yfir nánast öll myndmerki á verslunum en seinustu verslanirnar yrðu merktar á næstu dögum. Myndir af því yrðu sendar um leið og því væri lokið.

5.

Í tölvubréfi stofnunarinnar til SH Import, dags. 11. september 2025, kom fram að eftir skoðun Neytendastofu virtist sem búið væri að fjarlægja merkingar utan á verslun Bitans og Piknik. Þá var vísað til ummæla félagsins um að búið væri að merkja yfir öll myndmerki annarra verslana en á það bent að engar myndir hefðu þó borist stofnuninni því til sönnunar. Að auki hafi ný skoðun á vefsíðu félagsins leitt í ljós að vissulega væri búið að setja hvítan bakgrunn yfir myndmerkið en hann væri gagnsær og myndmerkið því enn sýnilegt. Með vísan til framangreinds upplýsti stofnunin um að til álita kæmi hvort brotið hefði verið gegn ákvörðun Neytendastofu sem birt hefði verið með bréfi, dags. 19. júní 2024, og hvort tilefni væri að grípa til sekta samkvæmt IX. kafla laga nr. 57/2005.

6.

Í tölvubréfi SH Import, dags. 11. september 2025 var að finna myndir af þeim búðum sem búið væri að merkja yfir myndmerkið. Verslanirnar séu um allt land og því hafi framkvæmdin tekið tíma. Þá væri einnig búið að laga heimasíðuna svo að myndmerkið væri ekki lengur sýnilegt.

Neytendastofa staðfesti móttöku á svari félagsins og upplýsti að svar félagsins yrði haft til hliðsjónar við ákvörðun málsins.



II.

Niðurstaða

Mál þetta snýr að því hvort SH Import hafi brotið gegn ákvörðun Neytendastofu nr. 18/2024, *Auglýsingar Piknik á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir þær*. Í þeirri ákvörðun komst Neytendastofa að þeirri niðurstöðu að félagið hefði brotið gegn auglýsingabanni 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018 og 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005, með ólögmætum auglýsingum á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir rafrettur. Var SH Import bannað að viðhafa framangreinda viðskiptahætti með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005 og gert að greiða 200.000 kr. (tvö hundruð þúsund krónur) vegna brotsins.

Fram kom að við yfirferð stofnunarinnar á vefsíðu félagsins, piknik.is, Instagram síðum félagsins sem og verslunum þess á Nýbýlavegi og Eddufelli, til að fylgja eftir ákvörðun stofnunarinnar nr. 18/2024, hefði Neytendastofa orðið þess vör að ekki hefðu verið gerðar viðeigandi úrbætur í samræmi við ákvörðunina. Svo virtist sem SH Import væri ennþá að birta fyrrgreint myndmerki, bæði utan á verslunum, á forsiðu vefverslunarinnar sem og á Instagram síðum sínum, þrátt fyrir fyrrgreinda ákvörðun stofnunarinnar þar um. Þá hefði við framkvæmd á markaðssetningu Bitans Reykjanesbæ mátt greina utan á versluninni ýmsar vörur sem væru hluti af vöruframboði verslunarinnar, fyrrnefnt myndmerki Piknik utan á versluninni auk auglýsinga af fjölda mismunandi dósa utan um nikótínvörur. SH Import hefur því ekki farið að ákvörðun Neytendastofu, nr. 18/2024, dags. 19.júní 2024, þar sem lagt var bann við að viðhafa framangreinda viðskiptahætti.

Á meðan á málsmeðferð stóð áttu Neytendastofa og SH Import fjölda samskipta vegna framangreinds og undir rekstri málsins gerði SH Import breytingar í samræmi við þær athugasemdir sem stofnunin hafði gert í málinu. Framangreint breytir þó ekki því að SH Import brást ekki við ákvörðun Neytendastofu nr. 19/2024, innan tilskilins frests.

Samkvæmt a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laganna og reglum settum samkvæmt þeim, sbr. II. – V. kafla laganna auk þess sem Neytendastofa getur samkvæmt b. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn stjórnvaldsreglum og ákvörðunum Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.–VIII. kafla og fyrirmælum Neytendastofu. Með vísan til alls framangreinds og að teknu tilliti til umfangs brotanna, fyrri ákvörðunar stofnunarinnar og jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnsýslulaga telur Neytendastofa hæfilegt að leggja á rekstraaðila SH Import stjórnvaldssekt að fjárhæð 400.000 kr. (fjögur hundruð þúsund krónur).



III.

Ákvörðunarorð:

„SH Import ehf., Grænlandsleið 12, 113 Reykjavík, rekstraraðili Piknik, hefur brotið gegn ákvörðun Neytendastofu nr. 18/2024, dags. 19. júní 2024, *Auglýsingar Piknik á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir þær.*

Með heimild í a. og b. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er SH Import ehf. gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 400.000 kr. (fjögur hundruð þúsund krónur) vegna brotsins. Sektina skal greiða í ríkissjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“

Neytendastofa, 11. desember 2025

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir